

þetta svonefnda „leyfisgjald“ af stefndum fyrir að fá að nota bæjarbryggjuna til uppskipunar heilla skipsfarma fyrir eigin reikning. Að bæjarstjórnin hefir á sínum tíma fengið samþykki stjórnarráðsins á samninga sína við firmað h/f Hæstikaupstaðurinn (Nathan & Olsen) skiptir ekki máli, því hvorki bæjarstjórnarsamþykkt ein, né bæjarstjórnarsamþykkt með almennu samþykki stjórnarráðsins, getur breytt formlega settum lögum né reglugerðum.

Það verður því að taka til greina kröfu stefnds um algerða sýknu af kröfum stefnanda í þessu máli, svo og málskostnaðarkröfu hans, og þykir hæfilegt að gera stefnanda að greiða honum kr. 120,00 í málskostnað.

Að dómur hefir ekki verið kveðinn upp í máli þessu fyrir en nú, stafar af embættisönnnum dómarans, sérstaklega við skipti þrotabúa, er ekki þoldu þið.

Miðvikudaginn 4. okt. 1933.

Nr. 66/1933. **Valdstjórnin**

gegn

Jóni Ragnari Jónassyni og Margréti Þorsteinsdóttur

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1933: Kærði, Jón Ragnar Jónasson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða, Margrét Þorsteinsdóttir, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 50 krónur til verjanda síns, Eggerts Claessens, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða lög-regluréttardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna telst frá uppsögn dóms þessa.

Hin kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal ó-raskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna telst frá uppsögn dóms þessa.

Hin kærðu, Jón Ragnar Jónasson og Margrét Þorsteinsdóttir, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Eggerts Claessen, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ragnari Jónassyni skipasmið, og Margréti Þorsteinsdóttur húsfú, báðum til heimilis á Sellandsstíg 32 hér í bænum, fyrir brot gegn reglugerð nr. 108, 1931, og áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Rannsókn þessa máls hefir sumpart farið fram í janúarmánuði síðastliðnum og síðan í lok aprilmánaðar og byrjun maímánaðar og skulu nú rakin þau sönnunargögn, sem fram hafa komið í málinu.

1) Vitnið Ingvar Þórðarson, bifreiðarstjóri, hefir borið það og unnið eið að þeim framburði sínum, að hann hafi aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar s. l. nokkru eftir miðnætti farið heim til kærðu á Sellandsstíg 32, og keypt þar af henni eina flösku af sherry, sem hún seldi vitninu á 11 krónur. Þessa flösku kveðst vitnið hafa keypt fyrir Knút Jónsson, bókara, sem þessa nótt var á dansleik í K. R. húsinu hér í bænum, og hefir Knútur kannast við, að svo hafi verið, en er vitnið ætlaði að afhenda honum flöskuna hjá fyrrgreindu samkomuhúsi, bar lögregluna þar að, og gaf vitnið þá þegar til lögreglunnar framangreinda skýrslu, sem það síðan staðfesti eins og að framan greinir. Vitnið kveður tvo sonu kærðu hafa verið viðstadda, er fyrrgreind áfengiskaup fóru fram, en þeir hafa báðir neitað, að hafa orðið varir við, að kærða seldi vitninu áfengi. Kærða hefir og eindregið neitað að hafa selt vitninu áfengi þetta sinn eða endranær.

2) Vitnið Kristján Sigurgeirsson, bílstjóri, hefir borið það og unnið eið að þeim framburði sínum, að það á tímabilinu frá því í september og fram til síðustu áramóta hafi oft keypt vín af kærðu fyrir farþega sína, og sömuleiðis oft ekið mönnum heim til hennar, sem fóru þangað inn í þeim erindum að kaupa áfengi, og höfðu menn þessir oft vín um hönd, eftir að hafa farið inn til kærðu í framangreindum tilgangi. Ekki hefir vitnið getað upplýst nánar, hve oft eða hve mikið það hafi keypt af víni af kærðu, en í dezembermánuði einum kveðst vitnið að minnsta kosti tíu sinnum hafa ekið mönnum heim til kærðu til áfengiskaupa, og minnst þrisvar sinnum keypt af henni sjálfur í þeim mánuði. Þá hefir vitnið og borið, að það hafi oft keypt áfengi af kærðu meðan hún bjó á Haðarstíg 15 hér í bænum, en eftir að hún var flutt þaðan eða hinn 9. júní 1932, var hún sektuð um 600 krónur fyrir áfengissölu. Kærða hefir ekki borið á móti því, að hún hafi selt vitninu vín, meðan hún bjó á Haðarstígnum, en hefir hinsvegar neitað því að hafa selt því vín eftir að hún sætti sektum eins og að framan greinir.

3) Vitnið Sveinn Jónsson, Þvergötu 5, og Friðrik Sigurbjörnsson, Ási í Reykjavík, hafa samhljóða borið það og unnið eið að þeim framburði sínum, að þeir hinn 19. apríl s. l. klukkan um 11 síðdegis hafi farið heim til hinna

kærðu til þess að kaupa vín af öðru hvoru þeirra. Hittu þeir kærða, Jón Ragnar, úti og fylgdi hann þeim inn í húsið. Var kærða þá stödd í eldhúsinu í íbúð sinni, og föluðust þeir nú eftir áfengi, og var því vel tekið. Fór kærði síðan með Sveini inn í herbergi innar af eldhúsinu, en Friðrik beið í eldhúsinu á meðan. Í fyrrgreindu herbergi var ljóslaust, en ljós var í eldhúsinu og lagði birtu þaðan inn í herbergið, svo að vitnið Friðrik fylgdist vel með því, sem fram fór í herberginu í milli þeirra Sveins og kærða, Jóns Ragnars.

Inni í fyrrgreindu herbergi afhenti Jón Ragnar Sveini síðan eina flösku af spánarvíni, og kveðst Sveinn hafa greitt honum 12 krónur fyrir eins og upp var sett, en vitnið Friðrik kveðst hafa séð Svein afhenda kærða pengaseðla og taka við mótuðum peningum til baka.

Þetta sama kvöld, um kl. 10, kveðst vitnið Friðrik hafa keypt af kærðu eina flösku af spánarvíni á kr. 12.50. Afhenti kærða þessa vínflösku í eldhúsinu, en þá voru ekki aðrir viðstaddir.

Þá hafa sömu vitni, Sveinn og Friðrik, og samhljóða borið, að þeir hafi oft keypt vín af kærðu Margréti þannig að þeir voru báðir viðstaddir og ásjáandi kaupin, en ekki hafa vitnin getað tilgreint nánar einstök tilfelli. Eftir því sem upplýst er, telja vitnin þessi vínkaup hafa farið fram eftir að kærða var sektuð fyrir áfengissölu.

Ennfremur hefir vitnið Sveinn Jónsson borið, að það hafi oft keypt vín af kærða, Ragnari, síðastliðið ár auk þess, sem að framan getur.

Kærðu hafa bæði neitað að hafa selt þessum vitnum vín.

4) Vitnið Sigurður Steindórsson, bílstjóri, hefir borið og unnið eið að þeim framburði sínum, að það hinn 19. apríl s. l. um kvöldið, hafi keypt af kærða, Jóni Ragnari, eina flösku af kampavíni á kr. 14.00, en þá tegund kveður vitnið kosta kr. 10.50 flöskuna í Áfengisverzlun ríkisins. Þetta vitni kveðst og einu sinni áður hafa keypt vín af kærða, en man ekki hvenær.

Kærði hefir eindregið neitað, að hafa selt þessu vitni áfengi.

5) Undir rannsókn málsins er það upplýst, að samkvæmt sölubókum vínverzlunarinnar hér í bænum hefir kærði frá síðastliðnum áramótum til 29. marz s. l. tekið

út á sitt nafn samtals 28 ½ flösku af vini, sem kostað hafa kr. 227.00. Þetta vín kveðst kærði hafa notað til eigin neyzlu og ókeypis veitinga.

6) Eftir að rannsókn þessa máls var lokið var hinum kærðu samkvæmt ósk þeirra skipaður verjandi, hrm. Eggert Claessen. Í tilefni af nokkrum vottorðum, sem honum höfðu borizt um það, að vitnið Friðrik Sigurbjörnsson og Sveinn Jónsson mundu hafa verið í ölvunarástandi, er þeir hinn 19. apríl þ. á. kváðust hafa keypt vín af kærðu, og að þeir mundu hafa sætt hótunum af hálfu lögreglunnar í fyrstu yfirheyrslunni, þá krafðist hann framhaldsrannsóknar um þessi atriði, sem síðan var framkvæmd. Það verður ekki talið, að neitt það hafi komið fram undir rannsókn málsins, er veiki trúverðugleik fyrrgreindra vitna, og verður að telja það fullsannað með framhaldsrannsókninni, að hvorki hafi vitnin verið í ölvunarástandi umrætt skifti né sætt hótunum eða annari óhæfilegri meðferð af hálfu lögreglunnar.

Eitt þeirra vitna, Stefán Már Benediktsson, verzlunarmaður, sem verjandi hinna kærðu krafðist að yfirheyrt væri við framhaldsprófin, bar það hinsvegar fyrir réttinum og vann eið að þeim framburði sínum, að það hefði oft síðan í fyrravor keypt vín af báðum hinum kærðu, og varð það þeirra jafnan fyrir kaupunum, er hverju sinni var viðlátið. Ekki hefir þetta vitni getað upplýst nánar hve mikið það hafi keypt eða hvenær. Framangreindum framburði vitnisins hafa hin kærðu bæði mót-mælt sem röngum.

Jón Ragnar Jónasson.

Með samhljóða framburði vitnanna Sveins Jónssonar og Friðriks Sigurbjörnssonar, sem lýst er undir 3. hér að framan, er það fullsannað, að kærði, Jón Ragnar, seldi Sveini eina flösku af spánarvini að kvöldi hins 19. apríl s. l. Gegn neitun kærða verður frekari áfengissala af hans hálfu hinsvegar ekki talin fullsönnuð. Þetta brot kærða, sem ekki hefir áður svo kunnugt sé sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 108, 1931, og þykir refsing hans, sem samkvæmt 14. gr. nefndrar reglugerðar ber að tiltaka eftir 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, hæfilega ákveðin 600 króna sekt til rikissjóðs, og

komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Margrét Þorsteinsdóttir.

Gegn neitun kærðu verður ekki talið fullsannað, að hún hafi selt vitnunum, sem talin eru undir 1, 2 og 6 hér að framan, og verður því að sýkna hana af þeim hluta kærunnar. Hinsvegar verður að telja nægilega sannað, að hún hafi selt vitnunum Friðrik Sigurbjörnssyni og Sveini Jónssyni áfengi, eins og þeir hafa samhljóða borið og lýst er nánar undir 3 hér að fram. Þetta brot kærðu varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 108, 1931, og ber samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar að tiltaka refsingu kærðu eftir 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, þykir refsingin með hliðsjón af því, að kærða hinn 9. júní 1932 var sektuð um 600 krónur fyrir samskonar brot, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma kærðu til þess annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, að greiða allan kostnað sakarinnar þar á meðal 50 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Eggerts Claessens, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 6. okt. 1933.

Nr. 60/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni

(Sveinbjörn Jónsson)

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. marz 1933: Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði